
Samantekt
Söluferli á rekstri dagvöruverslunar á Hellu



Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans
Ágúst 2018

N1 býður rekstur dagvöruverslunar á Hellu til sölu

Tækifæri til að eignast dagvöruverslun á Hellu

- Verslunin er vel staðsett á Hellu.
- Hella er nálægt mörgum eftirsóttustu ferðamannastöðum Íslands.
- Í sveitarfélaginu eru rúmlega 800 íbúar og atvinnulíf sterkt.
- Nálægt eru einnig þekktar veiðiár, hestaíþróttasvæði og golfvöllur.
- Tækifæri fyrir aðila í sambærilegum rekstri að eignast verslun á svæði þar sem mikill uppgangur hefur verið í ferðaþjónustu undanfarin ár.


Um 400 m.kr. velta í um 500 fermetra verslun

Um er að ræða rekstur verslunarinnar og meðfylgjandi lausafjármuni, leyfi og samninga.

- Heimilisfangið er Suðurlandsvegur 1, 850 Hellu.
- Húsnæðið er 495 fermetrar en þar af er virkt sölurými 345 fermetrar.
- Leigusamningur er út apríl 2021.
- Verslunin er í dag *Kjarvals*-verslun en verður seld án merkinga.
- Rekstrarfjármunir seljast með, einkum kælar, frystar, verslunarrekkar, hillur og annað slíkt. Einnig leyfi og réttindi sem tilheyra versluninni, að því leyti sem þau eru framseljanleg.
- Miðað er við að verslunin seljist án birgða. Krónan hefur annast innkaup, lagerhald, fjármál, markaðsmál og aðra þjónustu við verslunina og mun kaupandi taka við því hlutverki.

Sala áætluð um 400 m.kr.

Fjárhagsárið er til loka febrúar ár hvert



Verslunin er staðsett við þjónustumiðstöðina *Miðjuna* á Hellu



Sala verslunarinnar er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins

- Efnt er til söluferlisins á grundvelli [sáttar N1 hf. og Samkeppniseftirlitsins frá 30. júlí 2018](#). Samkvæmt sáttinni skal salan vera til aðila sem er til þess fallinn og líklegur til að veita umtalsvert samkeppnislegt aðhald við sölu dagvara á svæðinu. Skal kaupandi vera óháður og ekki í neinum tengslum við N1. Kaupandi skal búa yfir nægjanlegri þekkingu, fjárhagsstyrk og hvata til þess að líklegt sé að hann geti til bæði skemmri og lengri tíma veitt umtalsvert samkeppnislegt aðhald. Kaupsamningur skal gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, en í sáttinni kemur m.a. fram að Samkeppniseftirlitið muni synja sölu ef hún eyðir ekki samkeppnislegum vandamálum eða skapar ný samkeppnisleg vandamál, kaupandi telst ekki trúverðugur nýr keppinautur eða salan brýtur í bága við skilyrði sáttarinnar. Fjárfestum er bent á að kynna sér þessi og önnur ákvæði sáttarinnar (hana má nálgast á vef Samkeppniseftirlitsins).

Frekari upplýsingar hjá Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans

Söluferlið

- Áhugasömum fjárfestum er bent á að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, sem hefur umsjón með söluferlinu fyrir hönd N1.
- Fjárfestar fá fjárfestakynningu afhenta gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar og gera tilboð á grundvelli þeirra gagna.
- Tengiliðir vegna sölunnar hjá Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans eru Steingrímur Helgason (sími 820 6584) og Atli B. Guðmundsson (sími 820 6348) og fyrirspurnir má sömuleiðis senda á netfangið fyrirtaekjaradgjof@landsbankinn.is.
- Starfsmenn og stjórnendur N1 eða Festi veita ekki upplýsingar vegna söluferlisins.
- **Frestur til að skila óskuldbindandi tilboðum er til klukkan 16.00 þann 13. september 2018. Tilboðum skal skilað á sérstöku tilboðseyðublaði sem nálgast má hjá Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans.**
- Seljandi mun velja einn eða fleiri bjóðendur til að taka þátt í seinni fasa söluferlisins, sem felst m.a. í áreiðanleikakönnun og lýkur með framlagningu skuldbindandi tilboða.
- Seljandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum, breyta söluferlinu eða stöðva það, allt eftir mati seljanda hverju sinni.

Fyrirvari

Kynning þessi er eingöngu ætluð viðtakanda til upplýsinga í tengslum við söluferli á rekstri dagvöruverslunar á Hellu, sem N1 hf. efnir til á grundvelli sáttar N1 og Samkeppniseftirlitsins frá 30. júlí 2018.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans og/eða aðrir veita ekki tryggingu eða ábyrgð, beint eða óbeint, fyrir því að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, áreiðanlegar, sannar, réttar eða tæmandi. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, og/eða aðrir eru því með engum hætti ábyrgir fyrir hvers konar tjóni eða tapi, af hvaða tagi sem er, beint eða óbeint, sem viðtakandi eða tengdir aðilar kunna að verða fyrir, með því að nýta sér upplýsingar sem koma fram í kynningu þessari.

